

LÖG**um breyting á lögum nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

29. gr. laganna hljóði svo:

Skylt er starfsmanni að hlýða löglegum fyrirskipunum yfirmanna um starf sitt.

Þrátt fyrir ákvæði laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna er þeim er skipa eftirtalin störf óheimilt að gera verkfall:

1. Starfsmenn Alþingis og stjórnarráðs.
2. Starfsmenn skrifstofu forseta Íslands og starfsmenn íslenskra sendiráða erlendis.
3. Hæstaréttarritari og starfsmenn Hæstaréttar, héraðsdómarar, lögreglustjórar, fulltrúar lögreglustjórans í Reykjavík, tollstjóri og tollgæslustjóri.
4. Starfsmenn ríkissáttasemjara, ríkissaksóknara og ríkislögmans.
5. Forstöðumenn stjórnsýslustofnana ríkisins og staðgenglar þeirra.
6. Forstöðumenn atvinnurekstrar- og þjónustufyrirtækja ríkisins og staðgenglar þeirra nema þeir séu ráðnir sérstakri ráðningu.
7. Aðrir þeir er gegna embættum sem öldungis verður jafnað til embætta þeirra manna sem getið er í 1.–6. tölul.

Fyrir 1. febrúar ár hvert skal fjármálaráðherra birta lista yfir þá starfsmenn sem falla undir 5. og 6. tölul. þessarar greinar.

Ágreiningur um það, hvort maður falli undir ákvæði 1.–7. tölul. þessarar greinar, skal lagður fyrir Félagsdóm sem sker úr honum til fullnustu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.